

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Snæfellsbæ

1. gr.

Leyfi til hundahalds

Sækja þarf um leyfir fyrir alla hunda, einnig hunda sem af einhverjum ástæðum eru undanþegnir leyfisgjaldi.

2. gr.

Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna hundahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 24.000.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 32.350.-

Frestur til að skrá hunda er 2 vikur eftir að hundur er tekinn inn á heimili, en hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

4. gr.

Eftirlitsgjald

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern hund, kr. 18.000.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

Innifalið í eftirlitsgjaldi hunda er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, merkisþjald, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, ásamt umsýslugjaldi sveitarfélagsins.

5. gr.

Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra hunda skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending hunds, kr. 18.540.-
- Önnur afhending hunds, kr. 37.100.-
- Þriðja afhending hunds, kr. 55.600.-
- Fyrsta afhending hunds sem ekki er skráður, kr. 37.100.-

Óheimilt er að afhenda óskráða hunda nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds.

- Verð pr. sólarhring pr. hund, kr. 3.950.-

6. gr.

Undanþágur frá leyfisgjaldi

Undanþága frá eftirlitsgjöldum er veitt sem hér segir:

- vegna minkahunda og smalahunda á lögbýlum,

- vegna hjálparhunda fyrir fatlaða einstalinga,
- vegna leitarhunda. Leitarhundur er undaþeginn leyfis- og eftirlitsgjaldi ef viðkomandi hundur hefur að minnsta kosti B-viðurkenningu sem gefin er út af viðurkenndum leiðbeinanda. Ljósrit af slíkri viðurkenningu skal afhent við umsókn um niðurfellingu gjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu gjalda sé hundurinn ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

7. gr.

Afsláttur á leyfisgjaldi

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af heilbrigðiseftirliti þar sem námskeiðið er haldið, er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund.

Framvísi eigandi tryggingaskírteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund. Þessum skírteinum skal skilað árlega.

8. gr.

Gjalddagi

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

9. gr.

Annað

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Snæfellsbæ nr. 1484/2022.

Snæfellsbæ, 7. desember 2023

Lilja Ólafardóttir
bæjarritari